



Alþingi
Erindi nr. P 128/690
komudagur 18.12.2002

Jafnréttisstofa

Alþingi
b.t. allsherjanefndar
Helga E Þórisdóttir
150 Reykjavík

Akureyri 17. desember 2002.

Vísað er til bréfs yðar dagsett þann 21. október 2002, bréfs Jafnréttisstofu dagsett 26. nóvember s.l. svo og símtala okkar vegna umsagnar Jafnréttisstofu um breytingu á barnalögum (tilv. 44 mál, faðernismál og 31. mál sameiginleg forsjá).


Varðandi umsögn vegna máls nr. 44 um faðernismál, vísar Jafnréttisstofa í áðursent bréf dagsett 26. nóvember, sú umsögn er óbreytt vegna faðernismála.

Varðandi mál nr. 31 um sameiginlega forsjá vill Jafnréttisstofa koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Stofan telur það í samræmi við þróun jafnréttismála að forsjá barna við skilnað og sambúðarslit sé sameiginleg hjá foreldrum þeirra nema aðstæður mæli með öðru. Það er einnig í samræmi við þróun á þessu sviði svo og í álit forsjárnefndar frá 1999. Áhrif slíkra ákvæða í jafnréttisátt er þó að hluta háð því að jafnrétti ríki á öðrum sviðum. Enn er staðan sú að konur búa við mismunun hvað varðar laun og þar með efnahagslegt sjálfstæði. Sameiginleg forsjá byggir m.a á samkomulagi foreldra um fjárhagslegt framlag til framfærslu barna. Tryggja þarf að það foreldri sem barnið býr hjá sé ekki eitt með framfærslu barnsins svo og ábyrgðina án þess að með því fylgi full forsjá þess.

Of margar konur búa einnig við ofbeldi af hálfu maka og ekki síst fyrrverandi maka. Reynslan sýnir að við sameiginlega forsjá getur verið erfiðara fyrir konuna að losna úr viðjum slíkrar kúgunar, og bitnar það ekki síst á þeim börnum sem í hlut eiga. Sameiginleg forsjá getur því verið framlenging á ofbeldinu og þá í leiðinni framlenging á því ástandi sem verið er að reyna að ljúka með skilnaðinum eða sambúðarslitunum. Ef sameiginleg forsjá barna verður meginreglan við skilnað eða sambúðarslit foreldra þeirra, telur Jafnréttisstofa verulega þörf á að auka ráðgjöf og aðra þjónustu við fjölskyldur vegna skilnaðar eða sambúðarslita

Virðingarfyllt


Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur